

Alþingi
Erindi nr. P 142/161
komudagur 2.7.2013

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 1. júlí 2013
RH/SLB/015/2013

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum (frítekjumörk, tekjutengingar og eftirlitsheimildir.)- 25. mál.

Visað er til tölvubréfs dags. 26. júní 2013 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar um ofangreint lagafrumvarp.

Tryggingastofnun vill benda á að æskilegast er að breytingar á almannatryggingalögum taki gildi um áramót þar sem réttindi til lífeyris eru ákvörðuð á grundvelli árstekna. Grundvöllur bótaútreiknings hvers mánaðar er 1/12 af áætluðum tekjum bótagreiðsluársins. Lagabreyting á miðju ári leiðir til þess að mismunandi reglur gilda um útreikning bóta á fyrri og seinni hluta árs og þá getur tekjudreifing innan ársins haft afgerandi áhrif á heildarbótaréttinn. Endurreikningur og árlegt uppgjör bóta þegar endanlegar tekjur liggja fyrir verður einnig flóknari séu réttindin breytileg innan ársins. Æskilegt hefði verið að í frumvarpinu væri fjallað um hvernig haga skuli útreikningum bótagreiðsla vegna þessa með bráðabirgðaákvæði. Þá er mikilvægt að góður fyrirvari sé á ákvörðun um breytingar á réttindakerfinu þar sem lífeyrir er greiddur fyrsta hvers mánaðar fyrirfram. Það tekur alla jafna um þrjár vikur að breyta tölvukerfum þegar um minniháttar breytingar er að ræða, sannprófa breyttan útreikning og framkvæma greiðslukeyrslu. Gildistaka laganna þarf að taka mið af þessu eða gefa færi á að fyrsti mánuðurinn verði greiddur afturvirkur. Samhliða þarf að kynna vel breytingarnar með auglýsingum og breyta greiðsluáætlun lífeyrisþeganna. Tryggja þarf stofnuninni auknar fjárheimildir til þess að standa straum af þeim kostnaði sem af þessu hlýst og metinn er vera allt að 5 m.kr.

Jafnframt fagnar Tryggingastofnun því að í frumvarpinu skuli eftirlitsheimildir stofnunarinnar styrktar m.a. með rýmri aðgangi að upplýsingum sem taldar eru nauðsynlegar við ákvörðun bóta. Með því móti er lífeyrisþegum betur tryggðar réttar bætur og stigin varfærnisleg skref í átt til þess eftirlits sem nágrannaþjóðir okkar hafa á undanförunum áratug komið sér upp til varnar bótasvikum. Þó er lagt til að við ákvæðið í i. lið 2. gr., um upplýsingaskyldu án endurgjalds, komi til viðbótar ákvæði um að Tryggingastofnun sé heimilt að boða bótaþega í viðtal vegna eftirlits um hvort aðstæður séu í samræmi við skráð gögn.

Virðingarfyllst



Sigríður Lillý Baldursdóttir, forstjóri